

REGLUGERÐ KSÍ

um deildarbikarkeppni kvenna

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Þátttaka í deildarbikarkeppni KSÍ er heimil öllum félögum, sem tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna árið á undan.
- 1.2 Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna.
- 1.3 Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn mótsins.
- 1.4 KSÍ veitir verðlaun til félaga og viðurkenningar til leikmanna samkvæmt nánari reglum síðar.

2. FYRIRKOMULAG KEPPINNAR

- 2.1 Leikið er í þremur deildum A, B og C, eftir styrkleika liða. Keppnin skiptist í undankeppni (riðlakeppni) og úrslitakeppni (útsláttarkeppni) þar sem við á. Tryggja skal þáttökuliðum að minnsta kosti 5 leiki í undankeppni ef unnt er.
- 2.2 Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla.
- 2.3 Við niðurröðun í undankeppni er ekki skylt að fylgja hefðbundinni fastri töfluröð.
- 2.4 Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma í úrslitakeppnum mótsins, skal fara fram vítaspyrnukeppni til að úrskurða um sigurvegara.
- 2.5 Í undankeppni A-deildar skal 12 liðum skipt í 2 riðla, R1 og R2. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Keppnin er stigakeppni og 2 efstu liðin í hverjum riðli vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, alls 4 lið.
- 2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 4 lið og skal leikið skv. útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik:
Undanúrslit: 1R1-2R2 og 1R2-2R1.
Í undanúrslitum skal leikið á heimavelli þess liðs sem talið er upp á undan.
Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.
- 2.7 B-deild skal skipuð 8 liðum. Engin úrslitakeppni er í B-deild.
- 2.8 C-deild skal skipuð öðrum liðum en að ofan greinir. Heimilt er að skipta C-deild í riðla ef þátttaka er nægileg. Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla.
- 2.9 Ef C-deild er skipt í riðla skal leikið til úrslita samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

3. TÍMABIL KEPPINNAR

- 3.1 Undankeppni skal hefjast í febrúar eða mars. Úrslitakeppni skal lokið fyrir upphaf Íslandsmóts. Mótanefnd getur þó ákveðið að úrslitaleikur A-deildar fari fram síðar.

4. LEIKVELLIR

- 4.1 Mótanefnd ákveður alla leikstaði og er heimilt að láta leiki fara fram á heimavelli annars leikaðila sbr. þó ákvæði 2.6. um úrslitakeppni A-deildar. Leikir skulu fara fram í knattspyrnuhúsum eða á knattspyrnugrasvöllum, en heimilt skal þó að leika á grasvelli, ef aðstæður leyfa. Úrslitaleikur A-deildar skal fara fram á grasvelli, ef aðstæður leyfa, en annars í knattspyrnuhúsi eða á knattspyrnugrasvelli.

5. LEIKREGLUR

- 5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á.
- 5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að setja 7 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki fjórar leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhlé til skiptinga.

6. FRAMKVÆMD LEIKJA

- 6.1 Félag sem skráð er á undan (heimalið) ber ábyrgð á framkvæmd leiks samkvæmt nánari leiðbeiningu þar um frá mótanefnd KSÍ.
- 6.2 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu, en þó skal markvörður/markverðir skráðir fyrstir.
- 6.3 Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skráir hana í gagnagrunn KSÍ. Hann skal skrá allar nauðsynlegar upplýsingar á skýrsluna skv. fyrirmælum KSÍ sem og hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ.

7. DÓMGÆSLA

- 7.1 Dómaranefnd KSÍ raðar dómurum og aðstoðardómurum til starfa á leiki í A og B-deildum og skulu þeir almennt vera úr hópi landsdómara KSÍ eða KSÍ dómara (D-dómarar).
- 7.2 Dómaranefnd KSÍ raðar einnig dómurum til starfa á leiki í C-deild, en það lið sem talið er upp á undan er ábyrgt fyrir aðstoðardómurum með tilskilin réttindi (heimilt er að láta leiki í C-deild fara fram án aðstoðardómara í undantekningartilfellum).

8. AGAMÁL

- 8.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann sem hér segir:
3 áminningar – bann í 1 leik
5 áminningar – bann í 1 leik
6 áminningar – bann í 1 leik
- 8.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftar á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:
brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik
2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki
3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki
- 8.3 Deildarbikarkeppnin er sjálfstæð hvað varðar agamál og hefur ekki áhrif á önnur mót KSÍ. Leikmaður, sem á eftir að taka út leikbann í landsmóti frá haustinu áður, getur ekki afplánað það í keppninni. Spjöld og refsingar í deildarbikarkeppni ársins á undan flytjast ekki yfir á keppni ársins á eftir.
- 8.4 Aganefnd KSÍ fjallar um agabrot, ef þörf þykir, og almennt skal starfsreglum nefndarinnar fylgt eftir því sem við á.
- 8.5. Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka gildi kl. 12 á hádegi næsta miðvikudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi, nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða. Úrskurður um þyngri refsingu vegna brottvísunar, þ.e. úrskurður um fleiri leiki í bann en kveðið er á um í grein 8.2 tekur ávallt gildi kl. 12 á hádegi næsta miðvikudag eftir uppkvaðningu úrskurðar.

9. FJÁRMÁL

- 9.1 Stjórn KSÍ ákveður þátttökugjald mótsins hverju sinni. KSÍ greiðir vallarleigu þegar nauðsynlegt er að leika á hlutlausum velli í keppninni og allan kostnað vegna dómgæslu (ekki greidd laun til dómara í undankeppni). Hvert félag skal bera kostnað vegna eigin ferðalaga og uppihalds í keppni allra deilda.
- 9.2 Ekki verður selt inn á leiki í keppninni, heimilt er þó að selja inn á leiki í úrslitakeppni A-deildar.
- 9.3 Í úrslitakeppni A-deildar skal greiða lágmarks ferðakostnað, ef hann er fyrir hendi, með tekjum af miðasölu. Liðin sem leika skipta með sér eftirstöðvum (hagnaði eða tapi). Allur kostnaður vegna dómgæslu verður greiddur af KSÍ. Mótanefnd er heimilt að setja nánari ákvæði um úrslitakeppnina.

10. SEKTIR

- 10.1 Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð kr. 60.000 og að auki kr. 60.000 fyrir hvern leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með viðkomandi félagi og tekur þátt í leiknum. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð kr. 100.000.
- 10.2 Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 50.000.
- 10.3 Stjórn KSÍ er heimilt að sekta félög um allt að 50.000 kr. sem ítrekað uppfylla ekki skyldur sínar við framkvæmd leikja samkvæmt fyrirmælum mótanefndar.
- 10.4 Lið sem hefur unnið sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni viðkomandi móts og tekur ekki þátt í úrslitakeppninni, skal sæta sektum að upphæð kr. 100.000, nema viðkomandi lið hafi tilkynnt um það í síðasta lagi 10. mars til mótanefndar KSÍ.

11. STJÓRN KEPPINNAR

- 11.1 Mótanefnd KSÍ skal annast skiptingu í riðla, niðurröðun leikja og stjórnar keppninni. Hún hefur heimild til að taka lokaákvörðun í málum, sem ekki eru ákveðin í þessari reglugerð eða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hún skal taka nauðsynlegar ákvarðanir vegna frestana eða slita leikja vegna veðurs og annarra óviðráðanlegra atvika (force majeure).
- 11.2 Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Staðfesti skrifstofa KSÍ að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

Samþykkt af stjórn KSÍ 10. desember 2025